

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 8.október 2015 frá klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Ragna Finnsdóttir fulltrúar kennara. Sigurrós Friðbjarnardóttir fulltrúi starfsmanna, Júlía Jörgensdóttir og Hrefna Díana Viðarsdóttir fulltrúar foreldra. Samúel Giovanni Luppi og Perla Sóley Arinbjörnsdóttir fulltrúar nemenda og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Dagskrá:

- 1.mál** Kynning á fulltrúum.
- 2.mál** Farið yfir upphaf skólaársins.
- 3.mál.** Afmæli skólans.
- 4.mál** Starfsáætlun skólans.
- 5.mál** Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning á fulltrúum.

- Hver og einn kynnti sig.

2.mál Farið yfir upphaf skólaársins.

- Skólaasetning var með sama móti í ár. Allir á sama tíma. Misjafnar skoðanir foreldra, almenn ánægja, ókostur er að geta ekki verið hjá öllum börnunum sínum fyrir þá sem eru með fleiri en eitt barn, vantaði hátíðleikann, ræðuna o.s.frv., nemendur voru ánægðir og fannst þetta fínt.
- Samtalsdagar voru 10.september sl.
- Samræmd próf voru hjá 4.,7. og 10.bekk í september. Nemendur voru að leggja sig fram og skapaðist góð og notaleg stemmning í öllum rýmum.

- 7.bekkur er að fara á Úlfjótsvatn á mánudaginn í þrjá daga. Fyrsta skipti sem farið er þangað en undanfarin ár hefur verið farið á Reyki. Það verður spennandi að sjá hvernig þetta kemur út.
- Vetrarfrí 23. og 26.október.
- Starfsdagur 6.nóvember þar sem starfsfólk fer á Flúðir á námskeið og hópefli.
- 9.nóvember er svo afmæli skólans.

3.mál Afmæli skólans.

10 ára afmæli Akurskóla er 9.nóvember.

- Hugmynd af dagskrá er komin.
- Foreldrafélagið ætlar að gefa gjöf.
- Skólakórinn syngur.
- Skólasöngur Akurskóla kynntur.
- Skemmtiatriði verða ýmist á sal og í rýmum á misjöfnum tímum.
- Vígsla á Rauðhöfða þar sem bæjarstjórinn ætlar að taka þátt.
- Gengið frá tímahylki.
- Kökur og mjólk í boði fyrir alla.
- Boðskort eru að fara út til þeirra aðila sem tengjast skólasamfélaginu.

4.mál Starfsáætlun skólans.

Starfsáætlunin er hluti af Skólanámskrá Akurskóla. Starfsáætlunin er endurnýjuð árlega. Hluti af starfsáætluninni eru bekkjarnámskrár sem eru komnar inn á heimasíðuna. Bekkjarnámskrá 10.bekkjara er ekki komin inn vegna breytinga á aðalnámskrá.

Almenni hluti skólanámskrár verður endurnýjaður á þessu skólaári en það er gert á þriggja ára fresti.

- Starfsáætlunin var borin upp til samþykktar.
- Allir aðilar samþykktu hana.

5.mál Önnur mál.

- Perla ræddi um matarröðina, hún verður ansi löng. Gróa sagði frá því að verið er að skoða önnur úrræði eins og að setja stærri meðlætisbar því það myndast oftast flöskuháls þar. Skömmtunin sem slík er hröð en þegar vinsæll matur er eins og hamborgarar og pítur þá myndast mikil og löng röð því þá fara allir í meðlætisbarinn. Niðurstaða ætti að koma fljótlega.
- Perla kom með ábendingar frá unglingunum um skápana, það væri gott ef hægt væri að fá snaga fyrir yfirhafnir því núna fara nemendur á milli skólastofa í íslensku, ensku o.sfrv. Sigurbjörg sagði frá því að fyrir næsta fjárhagsár verði óskað eftir fjármagni til að setja snaga fyrir framan skólastofurnar í Narfakoti og Staðakoti.
- Töskur og yfirhafnir hjá 5.bekk eru oft út um allt þegar nemendur eru að koma inn í skólann úr útistofunum. Verið er að skoða með útfærslur.
- Hrefna kom á framfæri áhyggjum vegna facebook hópa með nemendum sem eru ekki í raun með aldur til að vera inni.
- Hrefna ræddi einnig um að facebook fyrir nemendur sem upplýsingasíða fyrir heimanám er ekki gott því foreldrar eru ekki með aðgang að þeim hópum og geta ekki fylgst með. Mentor er ekki alltaf nýtt.
- Júlía ræddi um ítrekaða þjófnaði í samfélaginu. Væri möguleiki á að skólinn taki fyrir umræður um stuld í kennslustundum á bekkjarfundum t.d.?
- Rætt var um hjálmanotkun hjá nemendum sem eru á hjólum, hlaupahjólum, hjólabrettum, línuskautum o.s.frv.
- Skólinn sendi til nemenda póst um mikilvægi hjálma og að ef nemendur eiga ekki eða vilja ekki nota þá er ekki í boði að koma á tækjunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:00.

Fundargerð þessa ritaði

Gróa Axelsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla

